



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Austara Eylendið og Friðlandið við
Borgarskóga og Miklavatn - Skýrsla
landvarðar sumarið 2006

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

NNV-2006-004
September 2006

Skýrsla landvarðar

**Austara Eylendið og friðlandið við
Borgarskóga og Miklavatn
Sumarið 2006**

Landvörður: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
thvb@hi.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
ÁSTAND FRÍÐLANDS	2
AÐSTAÐA	2
BÍLA- OG TÆKJAMÁL	2
VINNUTÍMI	2
HELSTU VERK	3
HELISINGJATALNINGAR.....	3
VÖKTUN.....	3
BÆKLINGUR	3
KYNNING Á LANDVERÐINUM.....	3
DREIFING BÆKLINGA.....	4
MÓTTAKA FERÐAMANNA	4
ANNAD.....	4
TILLAGA AÐ ÚRBÓTUM OG VERKEFNUM FYRIR NÆSTU ÁR	4
AUGLÝSINGAR	4
RUSLATÍNSLA.....	5
GÖNGUFERÐIR OG STÍGAGERÐ	5
<i>Borgarskógar og Miklavatn</i>	5
<i>Austara Eylendið</i>	6
<i>Gönguferðir</i>	6
FUGLASKOÐUNARSKÝLI.....	6
FUGLA OG PLÖNTUSKOÐUN	7
MERKING ÖRNEFNA.....	7
LOKAORÐ	7

Inngangur

Undirrituð starfaði sem landvörður, sumarið 2006, í Austara Eylendinu og friðlandinu við Miklavatn og Borgarskóga. Er þetta í fyrsta skipti sem ég starfa sem landvörður en hef unnið við ýmsar rannsóknir á svæðunum fyrir Náttúrustofu Norðurlands vestra undanfarin sumur. Er þetta fyrsta árið sem landvörður er starfandi á svæðunum.

Ástand friðlands

Ástand lands var nokkuð gott. Það landsvæði sem fellur undir Austara Eylendið og friðlandið við Miklavatn og Borgarskóga er mest allt í einkaeigu. Landeigendur nýta svæðin einkum til beitar. Hversu mikið beitarálag var á svæðunum sumarið 2006 var ekki kannað. Engin mannvirki eru á svæðunum nema girðingar sem eru þá í umsjá landeigenda.

Aðstaða

Náttúrustofa Norðurlands vestra lagði til skrifborðsaðstöðu ásamt aðgangi að tölvu og internet. Þar sem ég er yfir sumartímann búsett á Sauðárkrók sem er í næsta nágrenni við svæðin þá bjó ég í eigin húsnaði allan ráðningartímann.

Bíla- og tækjamál

Til að komast ferða minna í tengslum við starfið hafði ég bifreið náttúrustofunar, sem er Toyota Hilux, til afnota. Við helsingjatalningarnar notaði ég mína eigin bifreið fyrstu tvo dagana, Toyota Corollu. Annan talningadaginn var keyrt í veg fyrir mig þar sem ég var að keyra á milli talningastaða. Skemmdust bílarnir ekki mikið þar sem þeir voru á lítilli ferð. Þriðja daginn var því notast við bílaleigubíll meðan minn var á verkstæði.

Náttúrustofan lagði einnig til GSM síma til að nota í tengslum við starfið. Við fuglatalningarnar notaði ég mína eigin fjarsjá.

Vinnutími

Ráðningartíminn var frá 1. maí til 30. júlí eða í 12 vikur. Vann ég alla virka daga en átti frí um helgar nema upp kæmu verkefni sem varð að leysa á þeim tíma. Helsingjatalningar fóru fram í apríl og maí. Sá tími sem fór í talningar á helsingja í apríl var því tekin út sem frí yfir ráðningartímann

Helstu verk

Helsingjatalningar

Talningar fóru fram á helsingjum 24. apríl, 1. og 11. maí. Fóru talningarnar fram í innanverðum Skagafirði og Hjaltadal. Einhvað var um helsingja innan friðlandsins og Austara Eyclendisins og í næsta nágrenni við svæðin. Sækja fuglarnir einkum í graslendi og eru lítið í votlendi. Sáust yfir 18 þúsund fuglar í innanverðum firðinum þegar mest var.

Skýrslu með niðurstöðum talninga var skilað til náttúrustofunar.

Vöktun

Fuglatalningar fóru fram á vötnum í nágrenni við og innan Austara Eyclendisins og friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga. Var talið tvisvar á vötnunum, 29.-30. maí og 20.-21. júlí. Alls sáust 28 tegundir fugla, 25 í hvort skipti. Í maí sáust flestar tegundir við Garðsvatn og Tjarnartjörn. Voru 14 tegundir á hvorum stað. Í júlí voru flestar tegundir við Áshildarholtsvatn, 13 talsins, en Garðsvatn og Tjarnartjörn komu strax á eftir með 11 tegundir hvort vatn. Á Áshildarholtsvatni sáust einnig flesta tegundir með unga eða sex en á Garðsvatni og Tjarnartjörn sáust fjórar tegundir.

Ekki er vitað hvaða áhrif vorhretið sem skall á í maí hafði á fuglalíf, til þess vantar samanburð við önnur ár. Ungar voru þó annsi litlir þegar talið var í júlí.

Skýrslu með niðurstöðum talninga var skilað til náttúrustofunar.

Bæklingur

Ekkert kynningarefni var til fyrir svæðin fyrir utan bækling sem náttúrustofan gaf út í fyrra um fuglaskoðunarsvæði. Fór stór hluti ráðningatímans í að útbúa efni til að setja í bækling um svæðin og almennt um náttúru Skagafjarðar. Stendur til að bæklingurinn verði komin út fyrir næsta sumar á íslensku og ensku.

Kynning á landverðinum

Eins og kom fram í inngangnum þá er þetta fyrsta sumarið sem landvörður er starfandi fyrir Austara Eyclendið og friðlandið við Borgarskóga og Miklavatn. Tók ég því einn rúnt um fjörðinn og fór í heimsóknir í upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð og Hólum til þess að

láta vita af mér og hvernig væri hægt að hafa samband við mig. Einnig fór ég á hótél, gistiheimili og aðra staði sem ferðamenn sækja í til að láta vita af mér.

Til viðbótar við þetta þá komu tvær greinar í Feyki, héraðsfréttablað Skagfirðinga, um þessa nýju stöðu.

Dreifing bæklinga

Bæklingnum um fuglaskoðun í Skagafirði var dreift til ýmisa aðila í ferðapjónustu í Skagafirði. Einnig var honum dreift víðar um landið.

Móttaka ferðamanna

Einhvað var um að ferðamenn kæmu á náttúrustofuna til að afla sér upplýsinga um fugla, seli og fleira. Voru þetta einkum erlendir ferðamenn.

Annað

Ýmis önnur minni verkefni komu upp. Til dæmis var komið á stofuna með nokkra andarunga sem höfðu villts. Tilraunastöðin á Keldum bað um aðstoð við að safna sýnum úr helsingjum vegna fuglaflensu. Þá hringdi fólk til að láta vita af flækingsfuglum og sást trana innan Austara Eylendisins í lok júlí.

Tillaga að úrbótum og verkefnum fyrir næstu ár

Auglýsingar

Staða landvarðar var nokkuð vel kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins þetta árið. Fáir ferðamenn vissu þó af þessari stöðu. Þeir ferðamenn sem komu á náttúrustofunni til að leyta hér upplýsinga vissu ekki að hér væri landvörður fyrir votlendissvæðin. Þeir komu hingað flestir fyrir tilviljun. Fleiri ferðamenn komu þó á náttúrustofuna í ár heldur en undanfarin sumur.

Það er augljóst að auglýsa þarf stöðu landvarðar betur fyrir ferðamenn. Gæti vel komið til greina að setja upp auglýsingar á nokkrum stöðum í Skagafirði, til dæmis á tjaldsvæðum, matvöruverslunum, gistiheimilum og söfnum sem ferðamenn heimsækja þar sem aðsetur landvarðar er auglýst ásamt viðverutíma. Gæti þetta verið góð leið til að ná til þeirra ferðamanna sem fara ekki í upplýsingamiðstöðvar. Eins væri sniðugt að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar við upplýsingarskilti um friðlandið við Borgarskóga og Miklavatn. Einnig við þau fuglaskilti sem búið er að koma upp. Getur fólk þá leitað til

landvarðarinn ef það vill frekari upplýsingar um svæðið eða náttúru Skagafjarðar almennt. Er þetta jafnframt góð leið til að auglýsa tilvist svæðanna

Ruslatínsla

Almennt er svæðið mjög snyrtilegt. Svæðið sunnan Garðsvatns þarfnast þó ruslatínslu þar sem plast marar í hálfukafi í tjörnunum ásamt nokkrum bárujárnsplötum. Erfitt er fyrir eina mannseskju að sjá um tínsluna þar sem vaða þarf út í tjarnirnar í vöðlum og rífa plastið upp og bera upp á veg. Svæðið er auk þess í einkaeigu og þarf því samþykki landeigenda.

Gönguferðir og stígagerð

Margir ferðamenn sækjast eftir því að ganga um þau svæði sem þeir heimsækja. Göngustígar eru engir innan svæðanna en svæðin eru blaut og erfið yfirferðar og eiga ókunnir erfitt með að rata bestu leiðina um svæðin. Öryggisins vegna þyrfti að koma upp gönguleiðum sem fólk getur farið eftir. Þyrfti að setja upp leiðirnar áður en ásókn fólks í svæðið eykst svo hægt sé að stjórna umferð fólks frá viðkvæmum og ótryggum svæðum. Þarf að gera þetta í samstarfi við landeigendur

Borgarskógar og Miklavatn

Öll óviðkomandi umferð um friðlandið við Borgarskóga og Miklavatn er óheimil frá 15. maí til 1. júlí ár hvert til að hlífa fuglalífínu yfir varptímann.

Þá er aðgengi gangandi ferðamanna að friðlandinu við Borgarskóga og Miklavatn takmarkað af landfræðilegum ástæðum. Til þess að komast yfir í Borgarskóga að norðanverðu þarf bát. En að sunnanverðu þarf að vaða Reynisstaðará. Auðveldast er að komast að svæðunum austan við Sjávarborg og vestan við Reynisstaðará. Til þess að auðvelda aðgang fólks að svæðinu væri ef til vill hægt að koma upp göngubrú yfir Reynisstaðará og yfir Stóra skurð (ef engin brú er fyrir). Brúna væri þá hægt að fjarlægja eða læsa þegar aðgangur að svæðinu er óheimill. Víkin, þar sem Miklavatn tengist Héraðsvötnunum, er það breið að ekki er víst að hægt væri að koma fyrir brú án þess að valda miklu raski.

Ef göngubrýr yrðu settar upp gæti umferð fólks aukist og þyrfti þá að stjórna umferð fólks til að koma í veg fyrir rask og truflun á svæði. Mismikið vatn er í skurðum innan svæðisins og gæti því þurft að beina umferð fólks framhjá skurðunum eða koma upp

litlum brúm (plönkum sem auðvelt er að færa til) sem fólk gæti notað. Misjafnt er eftir árferði hversu blautt svæðið er og því gæti verið erfitt að velja stígum leið. Sniðugast væri að stíka leið þegar svæðið opnar í júlí sem væri nokkuð þurr og þar sem minnstar líkur eru á að valda truflun. Þá væri hægt að breyta leiðinni næsta ár ef svæðið er hefur blotnað. Ef þurrasta leiðin er farin þá heldur fólk sig við hana og álag á önnur svæði minnkar. Eins væri sniðugt að beina fólki á að labba bakka Héraðsvatnanna og Miklavatns. Truflun fuglalífs væri þá í lágmarki.

Austara Eylendið

Eins og í friðlandinu við Borgarskóga og Miklavatn eru engar merktar gönguleiðir innan svæðisins. Sunnan við Garðsvatn liggur gamall vegur sem liggur að gamalli brú yfir Austari Héraðsvötnin. Væri þetta góð gönguleið þar sem tjarnirna sunnan við Garðsvatn liggja þar rétt hjá og nokkuð er um fugl á þeim. Ekki er hægt að komast alla leið yfir Héraðsvötnin þar sem brú yfir eina kvísl vatnana hefur verið fjarlægð til að hindra það að búfé komist þar yfir og beri með sér sjúkdóma. Ef til vill væri hægt að stíka örugga leið niður að bökkum Héraðsvatnana að austanverðu ef fólk er að sækjast eftir því að komast þangað. Svæðið er mjög blautt og erfitt yfirferðar.

Manneskja sem ólst upp við Eylendið kom reyndar með þá hugmynd að skemtilegast væri að láta sig reka niður Héraðsvötnin í óvélknúnum báti eða fleka og væri best að fylgjast með fuglum þannig. Truflun fuglalífs væri þá í lágmarki

Gönguferðir

Sniðugt gæti verið að bjóða upp á gönguleiðir um svæðin síðsumars þegar varpi er lokið. Gætu þetta verið 2-3 leiðir sem boðið væri upp á með leiðsögn. Væri ferðunum dreift yfir sumarið og væri hver leið farin 1-2 allt eftir áhuga. Þá gætu stærri hópar pantað leiðsögn um svæðin.

Fuglaskoðunarskýli

Til þess að fólk geti komist nær fuglunum væri til dæmis hægt að setja upp skýli við norðurenda Garðsvatns þar sem fólk getur fylgst með fuglum. Til að byrja með gæti verið sniðugt að setja borð og bekki við útsýnisstaðinn ásamt rustatunnu. Gæti það laðað að fólk og ýtt undir áhuga á svæðinu. Aðrir staðir sem sniðugt væri að setja upp skýli og

nestisaðstöðu væri í gamalli malarnámu við Hendilkotsvatn og hjá gömlu hitaveituni við Áshildarholtsvatn.

Fugla og plöntuskoðun

Góð leið til að fræða fólk um svæðin væri að bjóða upp á fuglaskoðun, í maí og júní, á vötnum innan svæðana og í næsta nágrenni. Eins væri hægt að bjóða upp á plöntuskoðunarferðir þegar líða tekur á sumarið og gróður er komin almennilega af stað. Gætu þessar náttúrskoðunarferðir verið einstakt tækifæri fyrir fólk til að kynnst þessum svæðum og fræða fólk um votlendissvæði og mikilvægi þeirra.

Merking örnefna

Það gæti verið sniðugt að setja upp skilti innan svæðanna þar sem eru merkt ýmis örnefni eins og til dæmis tjarnir, rústir eyðibýla o.s.fr. Fólk kynnist svæðunum betur þannig auk þess sem mörg örnefni eru ekki merkt inn á kort. Eins væri það öryggisatriði ef upp kæmi neyðartilfelli þá væri fljótlegra að finna staðsetningu fólksins og koma hjálp á staðin ef það veit hvar það er statt innan svæðana með nokkuri nákvæmni.

Lokaorð

Hver sá sem verður landvörður fyrir Austara Eylendið og friðlandið við Borgarskóga og Miklavatn í framtíðinni fær nóg að gera. Það að auglýsa tilvist svæðanna fyrir öðrum en heimamönnum getur tekið nokkur ár. Eins að auðvelda aðgengi ferðamanna að svæðinu. Það er þó álítamál hversu mikil uppbygging ætti að fara fram þar sem tilgangurinn með friðun Borgarskóga og Miklavatns var að vernda fuglalífið. Of mikill straumur ferðamanna getur haft áhrif á fuglalífið til hins verra. Er þetta einhvað sem þarf að ákveða í samráði við landeigendur og aðra hversu langt á að ganga í að opna svæðin og byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Ekki má bíða of lengi með þá ákvörðun svo auglýsing svæðanna og uppbygging verði markvísari.

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Adalgata 2, Pósthólf 112, 550 Sauðárkróki, Sími 453 7999, Fax 453 7998

Netfang nnv@nnv.is, Heimasíða <http://www.nnv.is>

Natural Research Centre, of North-western Iceland

Adalgata 2, P.O.Box 112, 550 Saudarkrokur, Tel. +354 453 7999, Fax +354 453 7998

E-mail nnv@nnv.is, Web page <http://www.nnv.is>